

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skriðufells, Skeiða- og Gnúpverjahreppi dags. 20. maí 2002.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 16. júlí 2002, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skriðufells í Þjórsárdal. Breytingin felst í því að leiksvæði og 4 nýir byggingarreitir eru felldir niður innan svæðis A. Jafnframt að bætt er við leiksvæði og fjórum nýjum byggingarreitum innan svæðis B. Greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Árnesi, 16. júlí 2002.

Már Haraldsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.